

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9
200 Kópavogur

Efni: Tillögur um legu Borgarlínu um Kársnes

Kæri viðtakandi,

Nýlega var okkur neðangreindum kunnugt um forkynningu á vinnslutillögu vegna breytinga á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og um leið aðalskipulagi Kópavogs. Vinnslutillagan snýr að margumræddri Borgarlínu og þá sér í lagi hvernig bæjaryfirvöld sjá fyrir sér að hún muni ferðast um Kópavog. Í stuttu máli sagt var okkur heldur brugðið með þá tillögu sem lögð hefur verið fram.

Samkvæmt lið **4.1 Lega Borgarlínu** segir „Tillaga er gerð um að Borgarlína liggi frá Reykjavík yfir Fossvog á Kársnes þar sem lagt er til að línan liggi **að og um** Borgarholtsbraut að kjarnastöð í Hamraborg.“

Fyrstu athugasemdir okkar eru augljósar en gríðarlega mikilvægar, ekki bara fyrir þær fjölskyldur sem búa við Borgarholtsbraut heldur alla íbúa á Kársnesinu.

1. Við sjáum ekki hvernig Borgarlína geti legið **að** Borgarholtsbraut eins og segir í tillögunni. Það mætti staðfesta þetta við okkur eða útskýra betur hvernig bæjaryfirvöld sjái þetta fyrir sér. Við reiknum með því að vagnar muni fara eftir núverandi vegi ef til kemur að þessi leið verði valinn.
2. Við sjáum ekki hvernig bæjaryfirvöld geti þótt það góð hugmynd að setja Borgarlínu inn á milli tveggja barnaskóla?! Eins og allir Kópavogsbúar vita að þá er Kársnesskóli (yngri deild) staðsettur milli Skólagerðis og Holtagerðis og Kársnesskóli (eldri deild) er staðsettur milli Vallagerðis og Kópavogsbrautar. Mikill samgangur er á milli þessara tveggja skóla og þykir okkur það stórfenglegt gáleysi að ætla að setja Borgarlínu inn á milli þessara tveggja skóla. Í dag er strætisvögnum ekið eftir Kópavogsbraut sem verður síðan að Kársnesbraut og þar með þá í kringum báða skólana. Einhver hugsun hlýtur að hafa verið sett í það leiðakerfi á sínum tíma og því leggjum við til að bæjaryfirvöld horfi til þess þegar ákvörðun um legu Borgarlínu er tekin.
3. Að lokum viljum við leggja það til að Borgarlínan liggi frá Hamraborg, niður Skeljabrekku, eftir Kársnesbraut og yfir Fossvog til Reykjavíkur.

Við undirrituð áskiljum okkur rétt til að leggja fram fleiri athugasemdir á síðari stigum málsins.

Bestu kveðjur.

Rafn Árnason – Borgarholtsbraut 62
Dubravka Laufey Miljevic – Borgarholtsbraut 62
Brynjar Björnsson – Borgarholtsbraut 64
Linda Björk Ólafsdóttir – Borgarholtsbraut 64
Halldór Sigurðsson – Borgarholtsbraut 60
Jónína Prúður Stefánsdóttir – Borgarholtsbraut 60

Skýrsla:

http://ssh.is/images/stories/svaedisskipulag/Borgarlina/Vinnslutillogur/KOP_17129_170524_vinnslutillaga_Kpavogur.pdf